

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 19. maí 2006

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn.

Landskerfi bókasafna hf. nálgast nú óðum það takmark sitt að hafa innleitt miðlægt bókasafnskerfi fyrir allt landið. Félagið var stofnað 14. nóvember 2001 og verður því fimm ára síðar á þessu ári. Þetta er fimmti aðalfundur félagsins, en sá síðasti var haldinn 17. maí 2005. Það var sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga að gengið var til stofnunar félagsins. Að frumkvæði menntamálaráðuneytisins hafði verið leitað á markaði eftir framsæknu og vel gerðu bókasafnskerfi sem öll bókasöfn landsins gætu nýtt sér. Tilgangurinn var að veita fullkomna þjónustu sem ekki stæði að baki bestu kerfum erlendis og um leið leysa af hólmi nokkur kerfi sem gátu ekki lengur fullnægt kröfum notenda. Samið var við ísraelska fyrirtækið Ex Libris, en kerfið nefnist Aleph 500. Tengsl Landskerfis bókasafna við Ex Libris eru nú aðallega við skrifstofu þeira í Þýskalandi. Samningurinn um kerfið var undirritaður í maí 2001.

Fyrsti þýðingarmikli áfanginn í notkun kerfisins var opnun þess fyrir almenning í maí 2003. Annar áfangi var viðbót um hundrað bókasafna, svonefndra Fengssafna, í apríl 2004. Segja má, að þriðji og síðasti áfanginn náist þegar ný útgáfa kerfisins, sú sextánda, verður tekin í notkun í sumar. Það er mat stjórnar félagsins að þar með ljúki innleiðingarskeiði kerfisins. Til þessa hafa 153 söfn og safnaútibú notað kerfið til útlána á árinu 2006. Fjöldi safna og safnaútibúa sem hafa tengt eintök á árinu eru hins vegar 201, sem þýðir að þjónustuð eru um það bil 180 bókasöfn.

Á síðasta ári var stefnt að því að taka nýja útgáfu kerfisins, útgáfu 16, í notkun í árslok en því verki seinkaði, einkum vegna þeirrar miklu vinnu sem uppbygging nafnmyndaskrár kerfisins útheimti. Nafnmyndaskrá er sú hliðarskrá sem gerir notendum meðal annars kleift að finna höfund óháð mismunandi myndum

höfundarnafnsins. Þannig eiga menn, svo dæmi sé tekið, að geta fundið nafn Steins Steinars, hvort sem þeir slá inn dulnefni hans eða eiginnafn, Aðalsteinn Kristmundsson. Ljóst er að góð nafnmyndaskrá gagnast notendum vel við leitir, og því var aðkallandi að koma þessum þætti kerfisins í viðunandi horf. Þetta verk reyndist erfitt og tímafrekt og var unnið í nánu samstarfi við sérfræðinga bókasafnanna. Lauk kerfisvinnu vegna þessa verks í lok desember 2005.

Annað meginverkefni á síðasta starfsári stjórnar fólst í útboði vegna hýsingar á kerfinu. Fyrri hýsingarsamningur rennur út 14. júní 2006 og voru tilboð opnuð í hýsingu til fjögurra ára 10. janúar síðastliðinn. Niðurstaða útboðsins var mjög hagstæð fyrir fyrirtækið og eru nú horfur á að kostnaður vegna hýsingar, sem hefur verið næstum þriðjungur rekstrarkostnaðar, lækki um 80% eða þar um bil. Nýherji hf. átti þrjú lægstu tilboðin í útboðinu og var samið við það fyrirtæki um að taka við hýsingu kerfisins til ársins 2010. Er sú vinna þegar hafin og hýsir Nýherji nú nýja útgáfu kerfisins sem senn verður opin almenningi. Er kerfið hýst á fjórum netþjónum og er uppsetning og aðlögun langt komin á tveimur aðalvélunum.

Þriðja verkefni ársins fólst í að fjölga aðildarsöfnum. Þar er um að ræða söfn sem notað hafa Metrabók og fleiri stakstæð bókasafnskerfi og felst nokkur vinna í að flytja gögn þeirra, að svo miklu leyti sem það verður gert, í aðalkerfið. Horfur eru á að rúmur tugur safna bætist í hópinn á árinu 2006, og er þar annars vegar um að ræða sérfræðisöfn á borð við bókasöfn Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar, og hins vegar bókasöfn framhaldsskóla, svo sem Borgarholtsskóla og Flensborgarskóla. Þessar viðbætur eru jákvæðar fyrir starfsemina. Þær auka tekjurnar, þær bæta nýtingu á hinu öflugra bókasafnskerfi og þær auðga þann bókakost sem landsmenn hafa aðgang að gegnum kerfið.

Kennsla var ekki verulegur þáttur í starfsemi ársins 2005 miðað við árið á undan, en þó voru haldin 27 námskeið á vegum fyrirtækisins. Gera má ráð fyrir að talsverð umsvif verði á þessu sviði í haust, þegar lögð verður áhersla á að kynna starfsmönnum bókasafnanna 16. útgáfuna sem allra best.

Landskerfi bókasafna leitast við að veita aðildarsöfnum sínum og notendum bókasafna góða þjónustu og halda þó kostnaði í skefjum. Sem dæmi um nýja þjónustu hjá félaginu má nefna að gögn úr samskrá Gagnis eru nú afhent leitarvél Google Scholar einu sinni í mánuði, og eykur það möguleika innlendra og erlendra aðila á að finna sér gögn í íslenskum söfnum. Annað dæmi um nýja þjónustu er að skólabókasöfn geta nú sent Landskerfi bókasafna skrár með kennitölum nemenda og

starfsmanna og eru lánþegaréttindi þá mynduð með vélrænum hætti fyrir þau söfn, sem sparar bókavörðum fjölmennra skóla mikla vinnu. Í þriðja lagi mætti nefna að Landskerfi bókasafna hefur komið að átaksverkefni bókasafna við að bæta heimtur útlánsagna í samstarfi við Intrum á Íslandi og vinnur kerfisvinnu til að auðvelda það verk. Allir þessir þjónustuþættir eru án viðbótarkostnaðar fyrir söfnin.

Landskerfi bókasafna leggur áherslu á að eiga gott samstarf við notendafélagið Alefli. Má í því sambandi nefna að haldnir eru samráðsfundir með stjórn félagsins tvisvar á ári, auk þess sem fyrirtækið hýsir vef félagsins og tekur þátt í notendaráðstefnu þess að því marki sem um er beðið.

Að frumkvæði Aleflis hefur nú verið rætt um leiðir til að auka upplýsingastreymi, þar með talið uppfæra verkefnaskrá Landskerfis bókasafna á vef þess. Áherslu þarf jafnframt að leggja á að skapað verði á vegum Aleflis beinskeyttara kerfi til að koma á framfæri óskum aðildarsafna um breytingar og endurbætur á kerfinu.

Um síðustu mánaðamót voru um 805 þúsund titlar í Gegni, en rúmlega 3,4 milljónir eintaka. Titlum fækkaði milli ára meðal annars vegna þess, að nokkuð var um að tvíteknum færslum væri eytt. Skráð útlán árið 2005 voru tæpar 2,6 milljónir og hafði sú tala þá hækkað um milljón eða 66% milli ára. Tölur fyrstu fjögurra mánaða ársins 2006 benda til 11% aukningar útlána í kerfinu milli ára. Á árinu 2005 voru lán skráð á 85.217 mismunandi kennitölur í kerfinu, sem gefur hugmynd um notagildi þess og um bókasafnanotkun. Munu það vera um 28% landsmanna.

Á þessu stigi er stutt í land með uppfærslu kerfisins í útgáfu 16 og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin til notkunar í júlí næstkomandi. Einnig hefur málum verið þokað áfram með gagnaflutning fyrir áðurnefnd viðbótarsöfn og innleiðingu SFX kerfisins, sem auðvelda mun aðgang að rafrænum gögnum. SFX kerfið er til þess ætlað að auðvelda aðgang að rafrænum gögnum á borð við rafræn tímarit og verður innleiðing þess til hagsbóta fyrir öll þau söfn sem hafa rafrænar áskriftir. Gert er ráð fyrir að uppsetning á SFX sé tiltölulega einfalt verkefni, sem koma megri í kring síðsumars og í haust. En með því verkefni verður farið inn á nýja braut, því þar með er ekki aðeins verið að vinna að kerfi, sem leitar í safnskrám aðildarsafna Landskerfisins, heldur er verið að efla tengingu við og leitarmöguleika í gagnagrunnum á vegum annarra.

Hluthafar í Landskerfi bókasafna hf. voru í árslok 49, og áttu þá tveir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, íslenska ríkið sem átti 52,2% og Reykjavíkurborg sem átti 20,5% hlut. Í árslok var eigið fé 88,5 milljónir króna en var árið áður 87,9 milljónir

króna. Veltan varð 77,6 milljónir króna en var árið áður 77,1 milljón króna. Þjónustugjöldin hækkuðu ekki milli ára og hafa yfirhöfuð lítið breyst frá upphafi. Raunar má einnig segja að kostnaður hafi lítið breyst frá upphafi og hækkun rekstrargjalda milli áráanna 2004 og 2005 er aðeins 0,1%. Rekstrarafkoman árið 2005 var hagnaður að upphæð 123 þúsund króna, en var árið áður tap að upphæð 726 þúsund króna. Var síðasta rekstrarár fyrsta árið sem Landskerfi bókasafna hf. er rekið með hagnaði.

Útboð kerfishýsingar fyrir Landskerfi bókasafna varð mjög árangursríkt. Alls bárust 17 tilboð frá 7 fyrirtækjum og má gera ráð fyrir að hýsingarkostnaður, sem var rúmar 24 milljónir króna á árinu 2005 verði nálægt þremur milljónum á árinu 2007. Sú lækkun á rekstrarkostnaði mun gera kleift að lækka þjónustugjöld Landskerfis bókasafna frá og með ársbyrjun 2007. Stjórnin hefur ekki ákveðið hve mikil sú lækkun verður, en hún verður að líkindum á bilinu 5-15% eftir því hvernig verðlag þróast á næstu mánuðum.

Eins og áður byggist rétt rúmur helmingur rekstrartekna á þjónustusamningum við sveitarfélög og eru það í ár 51,6% rekstrartekna en voru 50,7% árið áður. Þess má geta að menntamálaráðuneytið hefur veitt sérstakt framlag til rekstrarins í ljósi þess að meiri tekjur hafa fengist af samningum við sveitarfélög en við ríkisstofnanir. Þetta framlag nam 20 milljónum króna árið 2003, 10 milljónum árið 2004 og 7 milljónum árið 2005 en er svo úr sögunni. Landskerfi bókasafna er ætlað að afla samninga við ríkisstofnanir á eigin spýtur en menntamálaráðuneytið tekur enga frekari ábyrgð á að slíkir samningar náist né að tekjur frá sveitarfélögum verði jafn miklar og tekjur frá ríkisstofnunum. Með fjölgun samninga á árinu 2006 mun ríkið rétta hlut sinn að einhverju marki hvað þetta varðar.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Landskerfis bókasafna verði í svipuðum farvegi árið 2006, en umsvifin aukist nokkuð við fjölgun safna. Rekstraráætlun ársins gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 72,4 milljónir króna, að rekstrarkostnaður verði 76,5 milljónir króna og rekstrartap verði nær 4 milljónum króna. Hafa ber í huga að lækkun hýsingarkostnaðar kemur ekki til fyrr en í byrjun september á þessu ári.

Í upphafi starfsemi Landskerfis bókasafna var ráð fyrir því gert að starfsemin og fyrirkomulag hennar yrði tekin til endurmats að fjórum árum liðnum. Má segja að nú sé tími til þess kominn. Mun stjórnin nú í haust, þegar þau meginverkefni, sem nú er unnið að verða væntanlega komin fyrir horn, taka rekstur, eignarhald og annað fyrirkomulag, svo og hugsanleg önnur framtíðarverkefni til skoðunar. Ekki er

fyrirfram gefið að slík skoðun leiði til dramatískra breytinga. Áfram verður að hafa í huga grundvallarþýðingu Landskerfisins fyrir bókasöfnin og viðskiptamenn þeirra.

Ég vil þakka hluthöfum öllum fyrir samstarf og stuðning. Ég vil nota tækifærið og þakka framkvæmdastjóra fyrirtækisins og starfsmönnum þess þeirra góða starf, og sömuleiðis þeim mörgu samstarfsmönnum sem á söfnum vinna. Þá færi ég Alefli þökk fyrir samstarfið. Loks vil ég þakka samstjórnarmönnum mínum uppbyggilegt og skemmtilegt samstarf á þeim 13 stjórnarfundum sem við höldum, svo og utan þeirra.

Takk fyrir.